



KAUPFÉLAG SUÐURNESJA

Reykjanesbæ, 15. maí 2024

Alþingi

Efnahags- og viðskiptanefnd

Efni: Umsögn um 939. mál – Samvinnufélög, Evrópufélög og evrópsk samvinnufélög

Kaupfélag Suðurnesja fagnar framkomnu frumvarpi. Með því eru gerðar nokkrar mikilvægar breytingar á núverandi lögum sem tryggja starfsemi samvinnufélaga og eins liðka fyrir stofnun nýrra félaga.

Í annarri grein frumvarpsins er þeim fækkað sem þarf til að stofna samvinnufélag úr 15 í 3. Þetta er mikilvæg breyting til að liðka fyrir og gera fleirum kleift að nýta sér þetta félagsform.

Í 5. grein frumvarpsins er tekið á ákvæðum um ráðstöfun hagnaðar til greiðslu í A deild stofnsjóðs. Eins og fram kemur í skýringum og greinargerð frumvarpsins eru stærri samvinnufélög landsins almenningsfélög þar sem allir á viðkomandi félagssvæði geta gerst félagar gegn greiðslu hóflegs aðildargjalds. Því er óeðlilegt að hópur félagsmanna geti knúið fram háar greiðslur inn í stofnsjóð sem eru í engum tengslum við framlag félagsmanna. Slíkt getur svo til einnig haft áhrif á rekstur og greiðslugetu félagsins til framtíðar ef greiða þarf út háar fjárhæðir t.d. vegna andláts félagsmanna.

Þriðja grein frumvarpsins um aðildargjald er mikilvæg og tryggir að engar fjárhagslegar hindranir standi í vegi fyrir því að íbúar félagssvæðis geti gengið í stærri samvinnufélög, sem gjarnan eru mikilvæg í atvinnulífi svæðisins. Þeir geta því haft áhrif á rekstur félagsins og starfsemi.

Í 7. grein eru mikilvægar breytingar á 62. grein samvinnulaganna varðandi slit samvinnufélaga.

Varðandi 8. grein vísunum við til umsagnar og rökstuðnings Sambands ísl. samvinnufélaga um eftirfarandi breytingar á 65 grein laganna. Inn komi orðin (feitletuð) „**sjálfbærar** sjálfseignarstofnunar sem til skulu falla allar óráðstafaðar eftirstöðvar af eigin félagssins, sem skal hafa það verkefni **að ávaxta eignir sínar og nýta afkomu af eignunum** í að styðja við samfélagsverkefni til almannaheilla á fyrrum félagssvæði hins slitna félags samkvæmt nánari ákvæðum í hinni samþykktu tillögu um slitin.“

Við tökum einnig undir álit og rökstuðning Sambands ísl. samvinnufélaga um að 54. grein laga um samvinnufélög verði breytt á eftirfarandi hátt (breytingar feitletraðar):

Heimilt er að leggja af hagnaði félagsins samkvæmt ákvæðum samþykktá þess eða ákvörðun félagsfunda til sjóða innan þess ~~eða stofnana utan þess~~; sem ætlað er að styrkja málefni sem teljast til almenningsheilla, mannúðarmála eða ætlað er að starfa í hliðstæðum tilgangi, að svo miklu leyti sem slíkt telst hæfilegt með hliðsjón af tilganginum með stofnun slíkra sjóða, fjárhagsstöðu félagsins, svo og atvikum að öðru leyti. **Aðalfundur getur ekki ákveðið hærri ráðstöfun í samræmi við grein þessa en stjórn félagsins hefur lagt til eða samþykkir.**

Virðingarfyllst,

f.h. Kaupfélags Suðurnesja



Sigurbjörn Gunnarsson

stjórnarformaður